

Frá hvaða landi kemur maturinn?



Leiðbeiningar til neytenda, matvælaframleiðenda, verslana og veitingastaða um upprunamerkingar matvæla





Matvælandið Ísland

Ísland er matvæland með öflugum og fjölbreyttum matvælaframleiðslu. Ein af meginundirstöðum lífskjara okkar er framleiðsla og útflutningur sjávarafurða sem seldar eru í öllum heimsálfum. Fyrir innanlandsmarkað eru framleiddar margskonar afurðir dýra og matjurta sem í vaxandi mæli eru seldar á erlendum mörkuðum. Íslendingar flytja einnig inn mikið magn tilbúinna matvæla og ýmis konar hráefni sem notuð eru og fullunnin í innlendum matvælandi.

Orðspor Íslands sem matvælands er undir gæðum vörunnar komið. Merkimiði þar sem Íslands er getið á að vera táknið um gæði. Það er markmið þeirra aðila sem standa að þessari útgáfu.

Neytendur þurfa að fá vitneskju á umbúðum matvæla, eða með merkingum á sölustað og við fjarsölu, um upprunaland þeirrar vöru sem þeir kaupa. Hagsmunir neytenda verða að vera í forgangi þannig að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um vörukaup.

Hagsmunaaðilar hafa tekið höndum saman um að stuðla að vitundarvakningu um mikilvægi upprunamerkinga á matvælum. Einkum er kastljósinu beint að framleiðendum og eða seljendum en ekki síst neytendum sem geta með kauphegðun sinni krafist bættra upprunamerkinga á mat.

Í þessum bæklingi er gildandi reglum um upprunamerkingar matvæla lýst á einfaldan hátt, en jafnframt gengið lengra og settar fram tillögur um merkingar á þeim sviðum þar sem reglur um upprunamerkingar hafa enn ekki tekið gildi. Settari fram ábendingar til framleiðenda, innflytjenda og veitingastaða um upprunamerkingar á þeim vörum sem eru í boði.

Dæmi eru tekin um merkingar einstakra matvæla og helstu hugtök skýrð sem varða upprunamerkingar hér á landi.


Efnisyfirlit



Könnun á afstöðu neytenda til upprunamerkinga matvæla	4
Breyttar kröfur um upprunamerkingar í vændum	5
Reglur um merkingar matvæla sem segja til um hvaðan maturinn kemur	6
Vernd afurðaheitis með vísan til uppruna	8
Vernd afurðaheitis með vísan til landsvæðis	8
Tilgreining uppruna matvæla	9
Hvar er upplýsingar um upprunaland að finna?	10
Hvaða merkingar á merkimiða sýna EKKI upprunaland?	10
Mismunandi reglur fyrir mismunandi matvæli	12
Nautakjöt	12
Nautahakk	13
Lambakjöt	14
Svínakjöt	15
Alifuglakjöt	16
Unnar kjötvörur	17
Fiskur og skeldýr	19
Tilbúnir réttir	22
Matjurtir	23
Mjólk, ostar og jógúrt	25
Ferskir ávextir	26
Brauð og kökur	27
Notkun á íslenska fánanum við upprunamerkingar	29
Viðauki	30
Lög og reglugerðir á Íslandi, í ESB (og EES) sem snerta upprunamerkingar matvæla	30
Reglugerðir og tilskipanir ESB sem snerta upprunamerkingar og innleiddar hafa verið á Íslandi	31

Könnun á afstöðu neytenda til upprunamerkinga matvæla

Yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga vill bættar upprunamerkingar matvæla. Það skiptir meira en fjóra af hverjum fimm Íslendingum máli að upplýsingar um upprunaland séu á umbúðum matvæla við ákvörðun um kaup. Þar af telur tæpur helmingur að það skipti miklu máli og rúmur þriðjungur að það skipti nokkru máli. Aðeins 17% telja að það skipti litlu eða engu máli. Þetta kom fram í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir SA, SI, SVÞ, SAF, BÍ og NS í júlí 2014.



Rúmlega tveir þriðju landsmanna telja að það sé óásættanlegt að upprunalands hráefnis sé ekki getið á umbúðum unninna matvæla. Dæmi um slíkar afurðir eru innfluttar svínasíður, reyktar og sneiddar niður í t.d. beikon. Samkvæmt gildandi reglum telst land vera upprunaland ef umtalsverð umbreyting vörunnar hefur þar átt sér stað. Tæpur helmingur telur slíkar merkingar algerlega óásættanlegar og fjórðungur telur þær að litlu leyti ásættanlegar. Aðeins tíundi hver telur skort á upplýsingum vera að mestu eða öllu leyti í lagi.

Loks telja tæplega níu af hverjum tíu það skipta miklu eða nokkru máli að fá upplýsingar um upprunaland aðalinnihaldsefnis í kjötvörum sem eru unnar úr fleiri en einu hráefni, s.s. áleggi, pylsum og bökum. Tíundi hver telur það skipta litlu máli en aðeins 4% telja að það skipti engu máli.

Árið 2006 var gerð norræn könnun á viðhorfum almennings til upprunamerkinga matvæla. Niðurstöður hennar voru m.a. að áhersla Íslendinga á upprunamerkingar var heldur minni en hinna þjóðanna. Könnunin sem gerð var 2014 sýnir að áhersla Íslendinga á upprunamerkingar hefur aukist umtalsvert og er orðin svipuð og var árið 2006 meðal annarra Norðurlanda. Þá töldu 73% Íslendinga upprunamerkingar matvæla vera mikilvægar samanborið við 83% nú. Þar af töldu 34% árið 2006 merkingarnar vera mjög mikilvægar en 48% nú. Þá töldu 59% Íslendinga skort á upplýsingum um upprunaland hráefnis unninna vara óásættanlegan en 71% nú.



Breyttar kröfur um upprunamerkingar í vændum

Upprunaland er það land sem matjurt var ræktuð, dýr fætt og alið, eða þar sem síðasta vinnslustig unninna afurða fór fram. Upprunastaður er hins vegar landsvæði, hérað eða jafnvel hópur landa (t.d. Norðurlönd) þar sem matvæli eru upprunnin. Upplýsingar á umbúðum um nafn matvælaframleiðanda eða staðsetningu hans eru ekki nægilegar til að uppfylla kröfur um upprunamerkingar. Sama gildir um nöfn á matvælum, almenn heiti þeirra eða sérheiti sem og landfræðiheiti.



Ekki hefur hvílt fortakslaus skylda á framleiðendum, innflytjendum eða seljendum matvæla að merkja upprunaland eða upprunastað þeirra samkvæmt gildandi lögum eða reglugerðum. Þó segir í reglugerð um upplýsingar um matvæli til neytenda að upplýsingar skulu ekki vera villandi hvað upprunaland eða upprunastað varðar. Skylt er að upplýsa um upprunaland eða upprunastað ef skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir neytendum hvað varðar réttan uppruna matvællanna. Einkum á þetta við ef upplýsingarnar sem fylgja matvælunum eða merkimiðinn í heild myndi annars gefa í skyn að matvælin séu upprunnin í öðru landi eða á öðrum stað.

Gildandi reglur um upprunamerkingu matjurta eru undantekning frá þessum almennu reglum. Árið 2009 var gert skylt að merkja upprunaland á umbúðir tiltekinna ferskra matjurta. Þessar matjurtir eru kartöflur, tómatar, laukur, kál, salat, rófur, gúrkur, sveppir, paprikur, spínat, krydd, jarðarber, rabarbari o.fl. Þá er skylt að merkja uppruna hunangs samkvæmt ESB-reglugerð. Þótt miklar framfarir hafi orðið á merkingu upprunalands matjurta undanfarin ár er víða pottur brotinn hér á landi.

Í löndum Evrópusambandsins (ESB) tók reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda gildi í desember 2014. Reglugerð ESB hefur verið tekin upp í íslenskan rétt á grundvelli samningsins um evrópska efnahagssvæðið, EES. Í henni felast miklar breytingar hvað varðar upprunamerkingar. Íslenskir framleiðendur fengu frest til 13. maí 2015 til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar.

Nú þegar er skylt að upprunamerkja nýtt, kælt og frosið nautgripakjöt og samkvæmt reglugerð ESB verður einnig fljótlega skylt að merkja svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöt með sama hætti.

Á vettvangi ESB er fyrirhugað að setja reglur um upplýsingagjöf um upprunaland eða upprunastað **megininnihaldsefnis** matvæla.

Í framhaldinu er áformað að meta þörf fyrir merkingu upprunalands eða upprunastaðar fyrir önnur matvæli, s.s. aðrar kjöttegundir en nauta-, svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöt, kjöt sem hráefni í unninni vöru, mjólk og mjólkurvörur og hráefni sem nema yfir 50% af heildarhráefnum vöru.

Fyrir íslenska framleiðendur, heild- og smásöluverslun og veitingastaði er ekki eftir neinu að bíða. Kröfur um upprunamerkingar liggja fyrir. Metnaður Íslands sem matvælalands hlýtur að standa til þess að vera í fararbroddi í upprunamerkingum matvæla. Það er sjálfsögð upplýsingagjöf til neytenda og stuðlar að auknum gæðum og samkeppni milli framleiðenda.

Reglur um merkingar matvæla sem segja til um hvaðan maturinn kemur

Hingað til hefur krafa um upprunamerkingu aðeins náð til fárra vörutegunda eins og kemur fram hér að framan. Þrátt fyrir það hafa margir framleiðendur birt upplýsingar um uppruna helstu hráefna afurðanna til að auðvelda neytendum upplýst vöruval. Þann 1. apríl 2015 tekur gildi reglugerð innan Evrópusambandsins sem gerir skylt að merkja upprunaland nýs, kælds og frosins svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöts. Sú reglugerð tekur að öllum líkindum einnig fljótlega gildi hér á landi.



Prenns konar reglur um merkingar gilda á EES-svæðinu

Almennar reglur: Um sumar fæðutegundir gildir að geta skal upprunaland á neytenda-umbúðum ef skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir neytendum um réttan uppruna matvællanna. Við merkingar vöru gæti til dæmis þjóðféni Frakklands eða tákn eins og Eiffel-turninn gefið til kynna að uppruninn væri franskur.

Í dæminu hér á eftir er upplýst á umbúðum vörunnar „French Style Bakery Baton“ að upprunandið sé Stóra-Bretland, því brauðið er ekki bakað í Frakklandi.



Sérstakar reglur um tiltekin matvæli: Neytendur geta gengið að upprunamerkingum vísam á eftirtöldum vörutegundum: Nautgripakjöt, flestar ferskar matjurtir, hunang og innan skamms svína-, kind- og geita- og alifuglakjöt.

Reglur um vernd afurðaheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu: Innan ESB eru í gildi reglur um vernduð afurðaheiti sem veita þeim lögvernd gegn hvers konar misnotkun, eftirlíkingu, sköpun hugrenningatengsla eða gegn hvers konar öðru athæfi sem villt getur um fyrir neytendum. Merkin eru tvö og vísa til uppruna eða landsvæðis. Sambærilegar reglur eru einnig í gildi í Noregi og þann 16. desember 2014 samþykkti Alþingi lög um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu.

Vernd afurðaheitis með vísan til uppruna

Verndað upprunatákn - Protected Designation of Origin – PDO

Sumar innfluttar afurðir, t.d. Parmigiano Reggiano ostur (parmesanostur), eru með verndað upprunatákn (PDO – Protected Designation of Origin), sem jafngildir upprunamerkingu. Skilyrði verndar afurðaheitis sem vísar til uppruna eru að afurðin sé upprunnin á tilteknu svæði, stað eða landi, að rekja megi gæði eða eiginleika afurðar, verulega eða að öllu leyti, til staðháttar, að meðtöldum náttúrulegum og mannlegum þáttum, og að framleiðsla, vinnsla og tilreiðsla afurðar fari fram á hinu skilgreinda landsvæði. Rauða merkið kom til sögunnar í maí 2010. Fleiri dæmi um þetta eru Parmaskinka og Normandí Camembert.



Vernd afurðaheitis með vísan til landsvæðis

Protected Geographical Indication – PGI

Þessi merking tekur til landbúnaðarafurða og matvæla sem hafa nána tengingu við tiltekið landsvæði. Skilyrði verndar afurðarheitis sem vísar til landsvæðis eru að afurð sé upprunnin á því svæði eða þeim sérstaka stað eða landi, að afurð búi yfir sérstökum eiginleikum, orðspori eða öðrum einkennum sem rekja má að verulegu leyti til hins landfræðilega uppruna og að a.m.k. eitt framleiðslustig afurðar fari fram á hinu skilgreinda landsvæði. Dæmi um þetta eru Danablu og Bayonneskinka



Tilgreining uppruna matvæla



Tilvísunum til „upprunalands“, „uppruna“, „upprunastaðar“ eða „upprunasvæðis“ er oft og tíðum ætlað að tilgreina hvaðan matvæli koma. Til einföldunar og samræmis verður vísað til „upprunalands“ í eftirfarandi umfjöllun.

Hvað merkir upprunaland?

Hugtakið upprunaland er skilgreint í reglugerð ESB um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda sem gildir hér á landi. Í þeim tilvikum þegar hráefni eiga uppruna að rekja til annars lands en þau eru meðhöndluð eða fullunnin í hefur upprunamerking ákvarðast af þeim stað þar sem varan undirgengst síðustu umtalsverðu umbreytingu.

Upprunastaður er hver sá staður sem tilgreint er að matvæli komi frá sem er ekki upprunaland, eins og það er skilgreint í tollalöggjöf ESB.

Hvað merkir „síðasta umtalsverða umbreyting“?

Þegar skinka eða beikon er unnið úr svínakjöti eða kjöt nýtt í pylsur eða bökur er um að ræða umtalsverða umbreytingu. Aftur á móti er ekki um að ræða umtalsverða umbreytingu þegar kjöt er niðursneitt, hakkað eða pakkað í umbúðir. Samkvæmt þessu má kalla beikon sem unnið er úr dönsku svínakjöti á Íslandi íslenskt beikon. Hins vegar hafa matvælaframleiðendur í síauknum mæli gengið lengra en lágmarkskröfur löggjafar á þessu sviði kveða á um og upplýst um uppruna innfluttra hráefna.





Hvar er upplýsingar um upprunaland að finna?

Upplýsingar um uppruna ráðast af tegund matvæla enda er ekki skylt að merkja allar tegundir matvæla með uppruna. Oft er slíkar upplýsingar að finna framan á umbúðum en einnig má finna frekari upplýsingar á bakhlið þeirra.

Hvaða merkingar á merkimiða sýna EKKI upprunaland?

- Auðkennismerki viðurkenndrar starfsstöðvar er egglega merki, sem notað er á umbúðir dýraafurða, svo sem á kjöt, fisk og mjólkurvörur, og er eingöngu ætlað að gefa til kynna að matvæli hafi verið unnin á starfsstöð sem uppfyllir skilyrði samevrópskra krafna um hollustu-hætti á sviði matvæla. Tilvísun til lands og kóðanúmer þjóna eingöngu þeim tilgangi að tryggja rekjanleika matvæla í framleiðslukeðjunni.

IS
XXXX
EFTA

- Búfjarkyn – Sem dæmi má nefna að Galloway, Limousine, Hereford, Aberdeen Angus og Belgian Blue eru nautgripategundir sem unnt er að rækta í öðrum löndum en staðarheitið gefur til kynna.
- Nafn og heimilisfang matvælaframleiðanda, þess aðila sem annast þökkun á matvælum eða seljanda.
- Tegundarheiti sjávarfangs, t.d. Alaskaufsi eða Íslandssíld.
- Vöruheiti, s.s. sænskar kjötbollur, svissneskur ostur eða franskar kartöflur, segir ekki til um uppruna matvæla.
- Íslensku fánalitirnir, en geta engu að síður gefið uppruna til kynna.



Mismunandi reglur fyrir mismunandi matvæli

Upplýsingar um merkingar eru flokkaðar eftir litum í eftirfarandi umfjöllun:

- **Rautt** = Tilgreina verður upprunaland
- **Blátt** = Fyrirmyndarmerking (umfram kröfur í lögum og reglugerðum)
- **Grátt** = Sýnir ekki uppruna

NAUTAKJÖT

Nýtt, kælt og frosið nautgripakjöt



Hvað á að standa á merkimiða nautgripakjöts?

Tilgreina skal upprunaland fersks og frosins og þídds nautgripakjöts samkvæmt reglugerð.

KOSTAKJÖR			
NAUTAHRYGGVÖÐVI			
Nettóþyngd			
Innihald Ungnautakjöt	Kælivara 0-4°C		
	Best fyrir	Upprunaland ÍSLAND	
IS xxxx EFTA		Framleiðandi Kjötvinnslan ehf. Brekkuvegi 10, Reykjavík	

Upprunaland Ísland merkir að kjötið sé af dýri sem er fætt, alið og slátrað á Íslandi.

Auðkennismerki samþykkrar starfsstöðvar sýnir ekki uppruna kjöts.

Nafn og heimilisfang framleiðanda sýnir ekki uppruna kjöts.

Ekki þarf að gera neinar breytingar á lögum eða reglugerðum varðandi tilgreiningu uppruna nautgripakjöts þar sem um árabíl hefur verið skylt að upprunamerkjá þessa kjöttegund.

NAUTAHAKK



Hvað á að standa á merkimiða nautgripahakks?

Tilgreina skal landið sem kjötið var hakkað í. Ef uppruni kjötsins er ekki í sama landi þarf að tilgreina upprunaland líka. Ef kjötið er af dýri sem er fætt, alið, slátrað og hlutað niður á Íslandi er nóg að merkja upprunaland Ísland.

Auðkennismerki samþykkrar starfsstöðvar sýnir ekki uppruna kjöts.

KOSTAKJÖR

UNGNAUTAHAKK

Fituinnihald minna en 12%. Hlutfall kollagens af próteínum minna en 15%.

Nettóþyngd	Kælivara 0-4°C	Innihald Ungnautakjöt	
	Síðasti notkunardagur	Upprunaland ÍSLAND	
IS xxxx EFTA	Framleiðandi Kjötvinnsan ehf. Brekkuvegi 10, Reykjavík		

Upprunaland Ísland merkir að kjötið sé af dýri sem er fætt, alið og slátrað á Íslandi. Ef dýrinu er slátrað erlendis en unnið á Íslandi skal geta þess.

Nafn og heimilisfang framleiðanda sýnir ekki uppruna kjöts.

KOSTAKJÖR

HAMBORGARAR

Fituinnihald minna en 20%. Hlutfall kollagens af próteínum minna en 15%.

Nettóþyngd	Kælivara 0-4°C	Innihald Nautgripakjöt	
	Síðasti notkunardagur	Upprunaland ÞÝSKALAND	
IS xxxx EFTA	Framleiðandi Kjötvinnsan ehf. Brekkuvegi 10, Reykjavík		

Uppruni kjöts Þýskaland: Merkir að kjötið sé unnið úr dýri sem er fætt, alið og slátrað í Þýskalandi.

Nafn og heimilisfang framleiðanda sýnir ekki uppruna kjöts.

Ef kjötið er af dýri sem er fætt, alið, slátrað og niðurhlutað erlendis skal geta þess í hvaða landi hvert framleiðslustig fór fram.

LAMBAKJÖT

Nýtt, kælt og frosið lambakjöt



Hvers má vænta að standi á merkimiða lambakjöts?

Fljótlega eftir 1. apríl 2015 má vænta þess að gerðar verði kröfur hér á landi um upprunamerkingar á nýju, kældu og frosnu lambakjöti. Það á þó ekki við um unnar vörur, en upplýsingar mega ekki afvegaleiða neytendur.



Íslenskir fánalítir gefa til kynna að lambið sé fætt og alið á Íslandi, en tryggja það ekki.

Auðkennismerki samþykkrar starfsstöðvar sýnir ekki uppruna kjöts.

Nafn og heimilisfang framleiðanda sýnir ekki uppruna kjöts.

Upprunaland Ísland merkir að kjötið sé af dýri sem er fætt, alið og slátrað á Íslandi.

Samstarfshópurinn mælir með því að íslenskir framleiðendur merki uppruna á öllu fersku, frosnu og þíddu kjöti.

SVÍNAKJÖT

Nýtt, kælt og frosið svínakjöt



Hvers má vænta að standi á merkimiða svínakjöts?

Fljótlega eftir 1. apríl 2015 má vænta þess að gerðar verði kröfur hér á landi um upprunamerkingar á nýju, kældu og frosnu svínakjöti. Það á þó ekki við um unnar vörur, en upplýsingar mega ekki afvegaleiða neytendur.



Auðkenni-merki samþykktrar starfsstöðvar sýnir ekki uppruna kjöts.

Nafn og heimilisfang framleiðanda sýnir ekki uppruna kjöts.

Upprunaland Ísland merkir að kjötið sé af dýri sem er fætt, alið og slátrað á Íslandi.

Samstarfshópurinn mælir með því að íslenskir framleiðendur merki uppruna á öllu fersku, frosnu og þíddu kjöti.

ALIFUGLAKJÖT

Nýtt, kælt og frosið alifuglakjöt



Hvers má vænta að standi á merkimiða alifuglakjöts?

Fljótlega eftir 1. apríl 2015 má vænta þess að gerðar verði kröfur hér á landi um upprunamerkingar á nýju, kældu og frosnu alifuglakjöti. Það á þó ekki við um unnar vörur, en upplýsingar mega ekki afvegaleiða neytendur.

Nettóþyngd			
Innihald Kjúklingakjöt	Kælivara 0-4°C		
	Rekjaeikanúmer (Rlnr.) 0012453234	Upprunaland ÍSLAND	
9 780000 000002	Best fyrir	Framleiðandi Kjötvinnslan ehf. Brekkuvegi 10, Reykjavík	
IS XXXX EFTA			

Upprunaland Ísland merkir að kjötið sé af dýri sem er alið og slátrað á Íslandi.

Auðkenni-merki samþykkrar starfsstöðvar sýnir ekki uppruna kjöts.

Nafn og heimilisfang framleiðanda sýnir ekki uppruna kjöts.

Samstarfshópurinn mælir með því að íslenskir framleiðendur merki uppruna á öllu fersku, frosnu og þíddu kjöti.

UNNAR KJÖTVÖRUR



Hvers má vænta að standi á merkimiða unninna kjötvara?

Upplýsinga um upprunaland hráefnis í unnum kjötafurðum, eins og beikoni, áleggji, böfum og niðursuðuvörum er ekki krafist í lögum. Upplýsingar á merkimiða mega þó ekki afvegaleiða neytandann.

Nokkur hráefni geta verið í matvælum eins og böfum og beikoni. Upplýsingar um uppruna hráefnis geta verið á merkimiðum, t.d. að beikon sé unnið á Íslandi úr þýsku hráefni. Í mörgum tilfellum er aðeins getið um landið þar sem síðasta umtalsverða umbreyting fór fram.






Samstarfshópurinn mælir með því að íslenskir framleiðendur merki uppruna kjöts í unnum kjötvörum.

UNNAR KJÖTVÖRUR

KOSTAKJÖR

SKINKA

Nettóþyngd		
Innihald	Kælivara 0-4°C	
 9 780000 000002	Best fyrir	Uppruni kjöts DANMÖRK
	Framleiðandi Kjötvinnslan ehf. Brekkuvegi 10, Reykjavík	

Nafn og heimilisfang framleiðanda sýnir ekki uppruna kjöts.

Uppruni kjöts Danmörk:
Merkir að kjötið sé unnið úr dýri sem er fætt, alið og slátrað í Danmörku.

Samstarfshópurinn mælir með því að íslenskir framleiðendur merki uppruna kjöts í unnum kjötvörum.

FISKUR OG SKELDÝR

Í löndum Evrópusambandsins og í Bandaríkjunum gilda sérstakar upprunareglur um fisk, s.s. lifandi, ferskan, kældan eða frosinn fisk eða fiskflök og annað fiskhold sem íslenskir útflytjendur þurfa að fylgja. Einnig um reyktan, þurrkaðan eða saltaðan fisk og skeldýr. Ekki gilda sérstakar reglur um unnar afurðir.

Þessar reglur fela í sér að villtan fisk, eldisfisk og skeldýraafurðir verður að merkja með upplýsingum um hvar fiskurinn var veiddur eða alinn. Þessar reglur gilda ekki hér á landi.



FISKUR OG SKELDÝR

Þegar fiskur er reyktur fer hann í gegnum umtalsverða umbreytingu sem hefur áhrif á það hvert upprunalandið er. „Íslenskur reyktur lax“ er ekki það sama og „Reyktur íslenskur lax“. Sá fyrrnefndi gæti verið reyktur á Íslandi en unninn úr norskum laxi. Reyking lax af erlendum uppruna á Íslandi réttlætir það að telja megi upprunann íslenskan.



Uppruni fisks
NOREGUR: Merkir
að fiskurinn sé
unninn úr laxi sem
var alinn í Noregi.

Auðkenni-merki sam-
þyktrar starfsstöðvar
sýnir ekki uppruna vöru.

Nafn og heimili framleiðanda
sýnir ekki uppruna fisksins.

Samstarfshópurinn mælir með því að uppruna fisks og skeldýra sé getið í unnum vörum.



Fiskbúðir: Samstarfshópurinn mælir með því að fiskbúðir og verslanir merki upprunaland fisks í fiskborðum sínum.



Ferskar og frystar afurðir: Samstarfshópurinn mælir með því að upprunaland verði merkt á umbúðir ferskra og frystra afurða, bæði villtra og úr eldi (það er ekki skylt samkvæmt lögum).

TILBÚNIR RÉTTIR



Hvers má vænta að standi á merkimiðum tilbúinna rétta?

Aðeins er krafist upplýsinga um upprunaland ef vöntun þeirra afvegaleiðir neytandann um raunverulegan uppruna afurðanna. Ef uppruna vöru er getið er lágmarkskrafa gerð um upplýsingar um þann stað þar sem „síðasta umtalsverða umbreytingin“ fór fram.

Stundum eru merkimiðar með merki eða fánaliti sem gefa til kynna að matvaran hafi verið framleidd í tilteknu landi. Til dæmis verður pasta máltíð sem markaðssett er sem „ítalskur réttur“ að vera merkt með upprunalandi ef hún er framleidd annars staðar en á Ítalíu. Ef máltíðin er framleidd á Ítalíu ætti einnig að geta þess.



Íslenskir fánalitir gefa til kynna að lambið sé fætt og alið á Íslandi en tryggir það ekki, nema það sé tekið sérstaklega fram.



Tegundaheitið Sænskar kjötbollur þýðir ekki að hráefnið sé sænskt.

Í sumum réttum er landsheiti notað í heiti réttar, t.d. íslensk kjötsúpa. Landsheitið er eins konar yfirlýsing um uppruna uppskriftar en ekki hráefnis. Til að koma í veg fyrir misskilning er nauðsynlegt fyrir framleiðendur slíkra vara að veita upplýsingar um uppruna megininnihaldsefnis vörunnar ef landið sem fram kemur í heiti réttarins er annað en upprunaland megininnihaldsefnisins.

MATJURTIR



Hvers má vænta að standi á merkimiðum matjurta?

Upplýsingar um upprunaland skulu vera merktar á umbúðum allflestra ferskra matjurta. Sama gildir um vörutegundir úr ferskum matjurtum þar sem þeim er blandað saman. Þegar um er að ræða vörutegund þar sem ferskar matjurtir hafa uppruna í fleiri en einu landi skal tilgreina nafn hverrar matjurtar og upprunaland hennar á umbúðum. Ekki er þörf á að merkja umbúðir ferskra matjurta með upplýsingum um upprunaland þegar framleiðandi dreifir framleiðslu sinni milliliðalaust til neytanda.

Þegar ferskum matjurtum er dreift án umbúða eða pakkað af seljanda á sölustað skal seljandi vörunnar veita kaupanda upplýsingar um upprunaland vörunnar með sýnilegum hætti, þar sem varan liggur frammi.



Upprunaland Holland sýnir að jarðarberin voru ræktuð í Hollandi.

Þær matjurtir sem skylt er að upprunamerkjia eru kartöflur, tómatar, gúrkur, paprikur, laukar, kál, salöt, rófur, rætur, rabarbari, sveppir, jarðarber og kryddjurtir o.fl.



Íslenskir fánalitir gefa til kynna að varan sé ræktað á Íslandi en tryggir það ekki, nema það sé tekið sérstaklega fram.

Innlendir garðyrkjuframleiðendur í Sambandi garðyrkjubænda hafa tekið höndum saman og markaðssetja vörur sínar með íslenskri fánarönd sem er varin með einkaleyfi í tiltekinni útfærslu. Íslenska fánaröndin og merkingin „Íslenskt“ segir til um að grænmetið sé ræktað á Íslandi. Þeir sem notast við fánaröndina undirrita sérstakan samning en í honum eru notkunarreglur. Að auki hefur verið markvisst unnið að því að merkja vöruna framleiðanda svo neytandinn sé vel upplýstur og geti oft fengið nánari upplýsingar um hann á Netinu.

MJÓLK, OSTAR OG JÓGÚRT



Hvers má vænta að standi á merkimiðum mjólkurafurða?

Ekki er krafist upplýsinga um upprunaland mjólkurafurða í íslenskum reglum. Fáanaröndin og íslenskt gefur til kynna að varan sé upprunnin á Íslandi. Ef uppruni hráefnis er annar þarf því að geta þess á umbúðum.

Sumar innfluttar mjólkurafurðir, t.d. Parmigiano Reggiano ostur (pamesanostur), eru með verndað upprunatakni (PDO – Protected Designation of Origin), sem jafngildir upprunamerkingu.



Fáanaröndin og orðið *íslenskt* gefa til kynna að smjörbó sé unnið úr íslenskri mjólk en tryggir það ekki.

Nafn og heimilisfang framleiðanda sýnir ekki uppruna mjólkurafurða.

Auðkennismerki samþykkrar starfsstöðvar sýnir ekki uppruna mjólkurafurða.

Samstarfshópurinn mælir með því að íslenskir framleiðendur merki sérstaklega ef erlend mjólkurháefni eru notuð í unnar vörur og frá hvaða landi hráefnið er upprunnið.

FERSKIR ÁVEXTIR



Hvers má vænta að standi á merkimiðum ávaxta?

Ekki er krafist upplýsinga um upprunaland ávaxta í íslenskum lögum.

Í Evrópusambandinu ber hins vegar að upprunamerkja svo til alla ávexti, hvort sem selt er í pakkningum eða í lausu samkvæmt markaðsreglugerð sem ekki gildir á Íslandi.



Upprunaland Ítalía sýnir að eplin voru ræktað á Ítalíu.



Upprunaland Bandaríkin sýnir að eplin voru ræktað í Bandaríkjunum.



Upprunaland Spánn sýnir að sítrónurnar voru ræktaðar á Spáni.

Samstarfshópurinn mælir með því að allir ferskir ávextir sem seldir eru í íslenskum verslunum og öðrum sölustöðum séu merktir með upprunalandi.

BRAUÐ OG KÖKUR



Hvers má vænta að standi á umbúðum og merkimiðum bökunarvara?

Á Íslandi eru engar kröfur um upprunamerkingar á brauði og kökum. Algengt er að á hótelum, veitingastöðum, í matvöruverslunum og á bensinstöðvum séu á boðstólum smábrauð, snittubrauð, vínarbrauð og fleira sem flutt er inn sem tilbúið og fullmótað deig sem aðeins á eftir að stinga í ofn og er þá gjarnan bakað á staðnum.





Samstarfshópurinn mælir með því að sölustaðir geti um uppruna bökunarvara sem eru seldar í lausu og að veitingastaðir geti veitt þær upplýsingar sé um þær beðið.



Notkun á íslenska fánanum við upprunamerkingar



Ekki er leyfilegt eins og sakir standa að nota íslenska fánann við upprunamerkingar á vörum eða þjónustu. Árið 1998 var lögum um þjóðfána Íslands og ríkisskjaldarmerkið breytt á þann veg að forsætisráðherra var heimilað að veita leyfi til notkunar fánans í vörumerki eða á söluvarning, umbúðir eða í auglýsingum á vörum eða þjónustu. Markmiðið með breytingunni var að auka frjálssræði við notkun fánans með sérstöku tilliti til markaðssetningar á íslenskri framleiðslu. Ekki hefur enn verið gefin út reglugerð sem segir til um framkvæmd þessarar heimildar. Þessi lagaákvæði hafa því aldrei nýst til að merkja vörur með þjóðfánanum.

Ýmsir hagsmunaaðilar í atvinnulífinu hafa barist fyrir því um árabíl að hægt verði að nota íslenska fánann við upprunamerkingar á vörum sem framleiddar eru á Íslandi.

Samstarfshópurinn mælir með því að stjórnvöld hraði reglusetningu um notkun þjóðfánans svo hægt sé að nota hann við upprunamerkingar á matvörum.

VIÐAUKI

Lög og reglugerðir á Íslandi, í ESB (og EES) sem snerta upprunamerkingar matvæla

Almennt í gildi á Íslandi

Lög um matvæli, nr. 93/1995¹. Samkvæmt 11. gr. er óheimilt að hafa matvæli á boðstólum eða dreifa þeim þannig að þau blekki kaupanda að því er varðar uppruna, tegund, gæðaflokkun, samsetningu, magn, eðli eða áhrif.

Reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, m.a. um gildistöku reglugerðar ESB nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.²

Í 8. gr. er upptalning á ferskum matjurtum sem skulu vera með upplýsingar um upprunaland. Samkvæmt 7. grein ESB-gerðarinnar skulu matvælaupplýsingar ekki vera villandi, einkum að því er varðar sérkenni matvæla og einkum eðli þeirra, auðkenni, eiginleika, samsetningu, magn, geymsluþol, upprunaland eða upprunastað, framleiðsluáferð eða framleiðslu.

Í 26. gr. ESB-gerðarinnar koma fram kröfur um upprunamerkingar.

Reglugerð nr. 968/2011 um gildistöku ESB-reglugerðar nr. 1760/2000 sem er m.a. um merkingar nautgripakjöts og nautgripakjötsafurða.³ Samkvæmt II. bálki reglugerðarinnar þarf að gefa upplýsingar um uppruna fyrir allt nýtt, kælt og fryst kjöt af nautgripum og í 13. og 14. gr. stendur hvaða upplýsingar þurfa að koma fram.

Reglugerð nr. 288/2003 um hunang. Samkvæmt 6. gr. skal upprunaland koma fram. Þó er nóg að merkja blöndur af hunangi með upplýsingum um hvort það er frá EES-löndum eða löndum utan EES.

1. Lög um matvæli nr. 93/1995. <http://www.althingi.is>

2. Reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda til innleiðingar á reglugerð ESB nr. 1169/2011. <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1294-2014>

3. Reglugerð nr. 968/2011 m.a. um merkingar nautgripakjöts og nautgripakjötsafurða: <http://www.reglugerd.is>



Reglugerðir og tilskipanir ESB sem snerta upprunamerkingar og innleiddar hafa verið Íslandi

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97.

Tilskipun 2001/110/EBE varðandi hunang.

Hagsmunaaðilar hafa tekið höndum saman um að stuðla að vitundarvakningu um mikilvægi upprunamerkinga á matvælum. Einkum er kastljósinu beint að framleiðendum og söluaðilum en ekki síst neytendum sem geta með kauphegðun sinni krafist bættra upprunamerkinga á mat.

Útgefendur: Samstarfshópur um bættar upprunamerkingar matvæla

Fulltrúar í samstarfshópi: Hannes G. Sigurðsson (SA), Jóhannes Gunnarsson (NS), Lárus Ólafsson (SVÞ), Ragnheiður Héðinsdóttir (SI), Tjörvi Bjarnason (BÍ) og Gunnar Valur Sveinsson (SAF)

Ráðgjöf: Jónína Stefánsdóttir (Mast)

Ljósmyndir: Odd Stefán, Áskell Þórisson, Jón Eiríksson, Tjörvi Bjarnason, Hörður Kristjánsson

Umbrot: Grafík-Hönnun og framleiðsla ehf.

Prentun: Prentmet ehf.

Reykjavík, febrúar 2015
www.upprunamerkingar.is